



Skólaráðsfundur 10.október 2018

Mættir voru:

Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Anna Birna Gunnlaugsdóttir og Guðmundur Ingvar Jónsson fulltrúar kennara, Andrea Ásgrímsdóttir og Kristín Hjartardóttir fulltrúar foreldra, Sigmundur Herbertsson fulltrúi starfsmanna í Njarðvíkurskóla, Einara Lilja Kristjánsdóttir varamaður fyrir fulltrúi úr grenndarsamfélaginu, Filoreta Osmani formaður nemendafélags skólans, Börkur Kristinsson varaformaður nemendafélags skólans og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundarritari).

1. Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri, kynnti starf og hlutverk skólaráðs og kynnti fundarmenn og fyrir hvað í skólasamfélaginu þau eru fulltrúar fyrir. Einnig fór skólastjóri yfir starfsáætlun skólaráðs, tímasetningar funda og hvaða mál eru tekin fyrir í skólaráði á skólaárinu.
2. Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri, fór yfir starfsáætlun skóla en fundarmenn höfðu fengið starfsáætlunina til yfirlstrar í tölvupósti. Nokkrar athugasemdir voru og voru þær lagfærðar á fundinum. Eftir yfirferð var starfsáætlun borin upp til samþykktar og var hún samþykkt af öllum fundarmönnum með undirskrift. Guðný fór einnig yfir að skólanámskrár skólans er unnin til þriggja ára í senn og að allar kennsluáætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Starfsáætlun skólans er svo send til fræðsluráðs Reykjanesbæjar til samþykktar.
3. Ásgerður sagði frá innleiðingu á nýjum persónuverndarlögum og hvernig þau eru að hafa áhrif á skólastarf.
4. Ásgerður fór yfir skólabyrjun. Skólastarf hefur farið vel af stað og ráðningar gengu mjög vel.
5. Önnur mál:
 - a. Ásgerður sagði frá lýðræðisfundi sem lestrarteymi skólans sá um varðandi áhuga nemenda á lestri í 5.-10. bekk. Lýðræðisfundurinn gekk mjög vel.
 - b. Ásgerður sagði frá því að nú er fjölgreindaval einnig á miðstigi en það hefur verið á yngsta stigi síðustu tvö ár.
 - c. Rætt um forvarnarfræðslu sem var í Heilsu- og forvarnarviku Reykjanesbæjar en þar styrkti foreldrafélagið fræðslu frá Marita. Fulltrúar nemenda, Filoreta og Börkur voru mjög ánægð með fræðsluna.
 - d. Rætt um forvarnarfræðslu sem hefur verið í skólanum og hvað er í boði, rætt um mikilvægi þess að vera reglulega með forvarnarfræðslu.
 - e. Einara óskaði eftir því að bæklingur frá ÍSÍ varðandi íþróttaiðkun erlendra íbúa yrði dreift til nemenda sem eru að erlendu bergi brotinn. Ásgerður samþykkti og sagði þetta þarft átak.
 - f. Næsti fundur verður fyrir júl og verður þá farið yfir niðurstöður samræmdra prófa hjá 4. og 7. bekk, sjálfsmatsskýrslu síðasta skólaárs auk annars.

Fundaritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri